

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Skaftár- og Mýrdalshreppur
Klausturvegi 10
880 Kirkjubæjarklaustur



Reykjavík 17. október 2016
UST201609-131/K.S.J.
10.04.03

Efni: Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir fiskeldi á jörðinni Botnum í Skaftárhreppi

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Mýrdals- og Skaftárhrepps er barst 21. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að framleiðsluaukningu og stækkun svæðis fyrir fiskeldi á jörðinni Botnum í Skaftárhreppi.

Skipulagssvæðið

Skipulagssvæðið er í landi Botna og liggur vestan við Skaftáreldahraun. Í tillögunni felst að skipulagssvæði fyrir fiskeldi stækkar úr 17 ha í 42 ha. Áætlað er að framleiðsla fari úr 19 tonnum í 300 tonn. Einnig er áætlað að reisa nýtt fiskeldishús (B) sunnar á fiskeldissvæðinu en fiskeldishús merkt A skv. umfjöllun um breytingar.

Fiskeldishús

Í umfjöllun um fiskeldishús kemur fram að fiskeldishús A verði af stærðinni 924 m². Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að eldishús falli vel að landi/landslagi með litavali og staðsetningu. Eldisrennur eru áætlaðar 8 talsins hver er 66 m³. Einnig er áætlað að reisa fiskeldishús (B) sem verður 120 m². Ekki kemur fram hvar áætlað er að staðsetja lokaða safnþró, en vísað til byggingarnefndarteikninga. Seiðaeldisstöð er áætluð í gámum huldu torfi.

Rafstöð


Í greinargerð kemur fram að áætlað er að reisa nýja rafstöð sem verður 53 kw. Vegna rafstöðvar þarf að endurnýja hluta af lónsgarði. Engar upplýsingar koma fram um stærð lónsgarðs eða hvernig sú framkæmd er áætluð. Að mati Umhverfisstofnunar þurfa að koma fram upplýsingar um stærð lónsgarðs, staðsetningu, efnisþörf og efnisnám vegna framkvæmdarinnar.


Safnþró og settjarnir

Umhverfisstofnun tekur undir að gerð setþróar og safntjarna skulu gerðar í samráði við heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

Umhverfisskýrsla

Að mati stofnunarinnar verða sjónræn áhrif af hinu stóra fiskeldishúsi. Ekki er ljóst hve mikil áhrif á umhverfið settjarnir og fráveituskurðir koma til með að hafa á umhverfið. Umhverfisstofnun bendir á að skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er þauleldi á fiski þar sem ársframleiðsla er 200 tonn eða meira tilkynningaskyld framkvæmd til Skipulagsstofnunar.


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Sverrir A Jónsson
Sérfræðingur